

Mál nr. 68/2007

M og

Vátryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar

Ágreiningur úr greiðsluskyldu úr sjúkdómatryggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.3.2007 ásamt fylgiskjölum 1-12 og bréfi lögmanns dags. 27.3.2007.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 35/07
3. Bréf V dags. 14.4.2007 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M greindist með MS sjúkdóm í október 2005 en hún hafði skrifað undir beiðni um sjúkdómatryggingu hjá V þ.2.4.2002 og segir í bréfi lögmanns hennar að á þeim tíma hafi M verið heilsuhraust en lagst inn á sjúkrahús í lok apríl árið 2002. M gerir kröfu til að fá greitt úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V og bendir á að áður en hún óskaði eftir umræddri tryggingu hafi hún einungis leitað til læknis vegna sinaskeiðabólgu og flensu og greint frá stöðu sinni með fullkomlega réttum hætti. V hafnar bótaskyldu og bendir á að beiðni M um tryggingu hafi verið samþykkt þ. 19.6.2002. V bendir á að M hafi sagst vera fullkomlega heilsuhraust við töku tryggingarinnar en það hafi ekki verið rétt. V heldur því fram að félagið hefði ekki samþykkt vátryggingabeiðni ef M hefði upplýst um þá greiningu sem hún hafði fengið þ.10.2.2002. V telur að ákvæði 4-10 gr. Laga um vátryggingasamningar nr. 20/1954 eigi við í þessu tilviki og því sé bótaréttur ekki fyrir hendi úr umræddri vátryggingu

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að M leitaði þrisvar sinnum á heilsugæslu skömmu áður en hún sótti um umrædda tryggingu. Þ. 10.2.2002 kvartar M yfir miklum slappleika, þ.18.3. 2002 kvartar M yfir dofa í hægri griplim, verk við olnboga og smá stirðleika í hálsliðum. Loks leitaði M til heilsugæslustöðvarinnar þ. 23.3.3002 vegna mikils verks í hægri hendi og hægri úlnlið. Í umsókn sinni um sjúkdómatryggingu með beiðni dags. 2.4.2002 segist M hafa verið fullkomlega heilsuhraust sbr. tl 5.5. í umsókninni. Með þessu gaf M rangar upplýsingar sem skipt hefðu félagið máli við ákvörðun um vátryggingatöku. Með vísan til 6.gr. laga nr. 20/1954 vátryggingasamningalaga telst samningurinn ekki skuldbindandi fyrir V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V

Reykjavík 2.5. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.